

Framleiðslukerfi

Inngangur

Framleiðslukerfið er sjálfstæð eining fyrir uppskriftir, íhluti, framlegðarútreikning og framleiðslu. Kerfið má tengja birgðakerfinu og nýtist best þannig. Með talningu á framleiddu magni er hægt að breyta hráefnisbirgðum sjálfvirkt samkvæmt uppskrift. Mögulegt er að hafa afurðir (tilbúnar vörur), íhluti og hráefni í eins mörgum samsetningum og þörf er. Þannig gæti söluvara verið samsett úr mörgum lagervörum, sem hver um sig væri samsett úr mörgum íhlutum, sem aftur væru samsettar úr íhlutum og hráefnum, og svo koll af kalli.

- Sveigjanlegt kerfi og notendavænt.
- Auðvelt að afrita afurðir og vörulínur.
- Hægt að uppfæra kostnaðarverð án þess að framleiða.
- Auðveld framleiðslustjórnun.
- Tengist verðskrá og birgðakerfi.

Nokkur heilræði

1. Byrjið á að stofna hráefni, vinnu, tæki og söluvörur í birgðakerfinu.
2. Stofnið afurðir sem til eru sem söluvörur í birgðaskrá.
3. Skipuleggið vöruflokka og hafið eina „lykilvöru“ fyrir hvern flokk til að fjölfalda (afrita). Gildir bæði fyrir birgða- og framleiðslukerfið.
4. Íhluti má stofna sem sniðmát og er þá einungis til í framleiðslukerfinu en ekki sem vara í birgðaskrá og verða því einungis hráefnin tekin af lager við framleiðslu.
5. Nota má hin ýmsu framleiðslustig eða fara beint í Framleiðslu lokið til að uppfæra.
6. Kostur gefst á að reikna allar uppskriftir og uppfæra einungis kostnaðarverð.
7. Notið Á hverju lífum við? Í Birgðakerfi, Skýrslur til að fylgjast með framlegð framleiðsluvara.

Tækjastika

Útskriftir

Útprintun uppskrifta (útlitun) Listi yfir uppskriftir, allar eða valdar. Notið Shift og músina til að velja röð eða Ctrl og músina til að velja eina og eina uppskrift.

Útprintun uppskrifta (nákvæm) Framlegðaruppgjör með öllum upplýsingum um viðkomandi afurð. Framlegð kemur ávallt fram sé þess gætt að skrá kostnaðarverð vöru.

Notkunarlisti Veljið vörunúmer sem prenta á listann fyrir. Útskriftin sýnir afurðir og þær framleiðsluvörur sem viðkomandi vörunúmer er notað í. Þetta er gagnlegt þegar verið er að athuga áhrif þess að skipta um hráefni.

Magntökulisti Með því að skrá framleitt magn sést það magn hráefna og íhluta sem þarf í viðkomandi framleiðslu.

Framleiðsluseðill Sérhannað vinnublað til að taka til hráefni í viðkomandi framleiðslu. Hægt að merkja við það sem búið er að taka til af hráefnum.

Framleiðslusaga Hægt er að prenta framleiðslusögu fyrir hvaða tímabil sem er, sundurliðað eða samantekið eftir vörutegundum og með góðri framlegðargreiningu.

Votð öskun		Fjöldi		Eskúmer á 1		Númer	Heiti	T	Lögunúmer	Fídag	Fístafr	FíMagn	Vöruflokkur	Kost
Alar tölur	3	34.710,00	21	Aðaluppskrift	U	ABC123	29.04.02	0,00	0,00	Hugbúnaður	10			
Uppskriftir	3	34.710,00	2	Undiruppskrift	U	ABC123	29.04.02	0,00	0,00	Sniðvara	3,0			
Aætlunir	0	0	3	Stöppunir	U	ABC123	29.04.02	5,00	5,00	Starfsmál	1,0			
Þættir	0	0												
Framleiða hlafn	0	0												
Framleiðslu kost	0	0												
Sniðmát	0	0												
Framleiða	3	34.710,00												

Fjöldi vörna: 1
 Val samantals kostnaðs: 16.000,00
 Val samantals eskúmer 1: 13.000,00
 Val samantals eskúmer 2: 21.360,00

Mynd Fr.1 Yfirlit yfir uppskriftir og framleiðslu

Viðhaldsskrár

Uppskriftir Hér er hægt að kalla fram uppskriftir, stofna og breyta. Í tækjastiku er leitargluggi og einnig er hægt að fletta áfram og til baka í uppskriftaröð.

Verðskrá Stofna þarf verðskrá áður en byrjað er í reikningsgerð. Verðskráin er mjög einföld og er notuð ef ekki er þörf á birgðakerfi og eins er um mjög þægilega uppflettingu að ræða. Venjulega er birgðakerfið notað með framleiðsluferfinu enda allar almennar upplýsingar geymdar þar og þar þarf að merkja hvort um efni, vinnu eða tæki er að ræða. Stofnið fyrst vöruflokka.

Vörunúmer: Leitarnúmer, allt að 50 stafir.

Lýsing: Allt að 255 stafir. Alt+F2 eða F7 til að sjá texta og F5 til að leita.

Strikamerki: Fyrir strikamerkjalestur. Lesið inn með skanna.

Vöruflokkur: Veljið vöruflokk sem búið er að stofna.

Sölulykill: Tenging við bókhald sem segir til hvar viðkomandi vara tekjufærir.

Kostnaðarverð: Kostnaðarverð vöru.

Grunnverð: Verðlistaverð án vsk sem hægt er að breyta í reikningsgerð. Gætið þess að inn á skuldunaut er hægt að velja margar verðskrá og stingur kerfið sjálfvirk upp á Söluverð1.

Söluverð1: Kerfið stingur upp á þessari verðskrá.

Söluverð1 VSK: Verð með vsk. Í Stýriupplýsingum er hægt að ákveða að skrá allt með vsk sem hentar t.d. í smásöluverðun.

Á lager: Skráið birgðastöðu ef óskað er. Breytist við sölu. Ef vara er ekki lagervara þarf að smella í Lagervörureitinn (aftasta reitinn í línunni) og taka hakið af.

Í pöntun: Sýnir stöðu í birgðakerfi.

Frátekið: Sýnir stöðu í birgðakerfi.

Staðsetning: Skráð í birgðakerfi.

Lágmark: Skráið lágmarksmagn á lager ef óskað er. Kerfið aðvarar í reikningsgerðinni þegar lagerinn er kominn í lágmarksstöðu. Til að þessi möguleiki sé virkur þarf að vera merkt við Lagervörureitinn (aftasta reitinn í línunni).

Afsl.: Merkið við ef leyfa á afslátt. Ef ekki er merkt við er ekki hægt að gefa afslátt í reikningsgerðinni.

Viðvörðun: Takið hakið af ef ekki á að skrá birgðir, t.d. fyrir akstur eða vinnu. Ef hak er sett í reitinn eru skráðar birgðir og aðvörðun kemur þegar verið er að selja meira en til er. Vinnur með birgðakerfinu.

Vörflokkar: Byrja verður á að stofna vörflokka áður en hægt er að byrja í sölukerfinu. Stofna má vörflokka að vild og verða allar vörur að tilheyra ákveðnum vörflokki sem hefur sína tilvísun í bókhaldslykil.

Reikningslykill: Bókhaldslykill fyrir sölu. Hægt er að leita úr rúlluvalmynd bæði eftir númeri og heiti reikningslykils með því að nota hægri músarhnapp. Bóka má hvað sem er .s. vexti.

Þjóðskrá Beintenging við þjóðskrá sem sett er hér til þæginda ef einungis er verið að fletta. Hægt er að leita að símanúmeri. Ef stofna á skuldunaut má gera það við reikningsgerð.

Stýriupplýsingar Hér gefst kostur á að skrá fyrirsagnir og aðlaga kerfið að málvenjum í hinum ýmsu atvinnugreinum.

Gagnagrunnur Segir til um staðsetningu gagnagrunns.

Hætta Til að hætta vinnslu.

Nýskrá Afurð fær númer (afurðarnúmer) um leið og hún er stofnuð.

Eyða Eyðir völdum afurðum.

Skoða Skoða valdar afurðir án þess að möguleikinn á að breyta einhverju sé fyrir hendi.

Reikna Veljið fyrst uppskriftir. Notið músina ásamt Shift eða Ctrl.

Uppfærsla Notað til að uppfæra afurðir á milli framleiðslustiga. Ávallt gefst kostur á að afrita uppskrift eða flytja uppskrift, þ.e. ef um sérframleiðslu er að ræða.

Heitum framleiðslustiga eða uppskriftarstöðum má breyta í Stýriupplýsingar í tækjastiku.

- Áætlanir má gera, raða saman mörgum uppskriftum og sjá áhrif þeirra á framleiðslugetu og birgðir. Áætlanir hafa engin áhrif á lagerstöðu.
- Pantanir hafa áhrif á lagerstöðu og pantanakerfið.
- Framleiðsla hafin tekur hráefni af lager. Segja má til um fjölda sería til framleiðslu.
- Framleiðsla lokin uppfærir framleitt magn á lager. Ef ljúka á framleiðslu uppskriftar í einni aðgerð, þ.e. án þess að framleiða þarf að skrá seríufjölda eða magn til framleiðslu í uppskriftina.

Öll framleiðsla geymist í framleiðslusögu og má prenta þar.

Uppskrift sem búið er að framleiða má endurnota, breyta eða afrita að vild. Á þann hátt má sækja gamla uppskrift og endurreikna.

Hægt er að láta kerfið bæta við á lager og draga frá hráefni samkvæmt uppskrift. Einnig er mögulegt að hefja framleiðslu og taka frá hráefni um leið. Síðar er framleiðslan færð á lager. Þessar upplýsingar sjást í fyrirsögunum um birgðir þegar verið er að selja.

Unnt er að uppfæra vinnu- og vélatíma og fá þannig samanburð við raunveruleikann. Kerfið getur einnig haldið saman upplýsingum um runu- eða lotuframleiðslu („seríu“) með lotunúmerum þar sem skráð er efni, vinna og tæki á viðkomandi lotu. Slík skráning getur verið sjálfvirk eftir aðstæðum, t.d. tengd vigtum eða stimpilklukkum.

Verðuppfærsla Hægt er að reikna út nýtt kostnaðarverð á uppskriftir og uppfæra í birgðakerfið án þess að framleiða, þ.e. ef ekki er óskað eftir að bæta vörum inn á lager og breyta þar með hráefnisbirgðum. Hægt er að velja vörflokk, tegund, staðsetningu og birgja. Þetta er mjög gagnlegt fyrir þá sem þurfa að hafa upplýsingar um nýjasta kostnaðarverð og framlegð án þess að breyta söluverði.

Ath. Spurt er hvort endurreikna eigi allar uppskriftir eða uppfæra kostnaðarverð eins og það er skráð.

Afrita Veljið afurð til að afrita og verður þá til ný afurð sem gefa þarf nýtt heiti.


Lista Veljið þær afurðir sem koma eiga fram á listanum (athugið að með því að smella á afurð og halda niðri Shift hnappnum má velja margar línur. Með Ctrl takkanum má velja stakar línur). Hér sjást allar afurðir sem valdar eru á lista og helstu upplýsingar.

Prenta Prentar valda afurð, nákvæman lista með framlegð.

Uppskriftir

Farið í Nýskrá í tækjastiku eða Viðhaldsskrár og Uppskriftir.

Hér eru skráðar þær afurðir sem framleiddar eru. Afurð getur verið samsett söluvara „með öllu“ eins og stundum er sagt, framleiðsluvara, millivara eða íhlutur. Með íhlutum er átt við samsetta hluti sem ætlaðir eru í framleiðsluvörur. Íhlutar geta verið samsettir úr öðrum íhlutum og/eða hráefnum. Engin takmörk eru á fjölda íhlutastiga. Númer afurðar getur einnig verið skráð í birgðaskrána og er hentugt að nota vöruflokka til að greina afurðir frá öðrum vörum, millivörum og hráefnum.



The screenshot shows a software window titled 'Uppskriftir' with a sub-window 'Uppskrift nr. 21 - Aðaluppskrift'. It contains various input fields for recipe details, a table for ingredients and costs, and checkboxes for production options.

Almennt	Línur	Σ	Framlegð	Altugasemd	Agnað
Raðnúmer	21				
Heiti	Aðaluppskrift				
Staða	Uppskrift				
Tegund	Framleiðsla			Rauverðmæti / ein.	Uppfæra verð:
Vörunúmer	10			Kostn.verð m/írmun	<input checked="" type="checkbox"/> Kostnaðarverð
Vörulager	LAGER			Álagning 1 %	<input checked="" type="checkbox"/> Álagning 1
Vöruflokkur	Flugbúnaður			Söluverð 1	<input checked="" type="checkbox"/> Söluverð 1
Einingar	lítrar			Álagning 2 %	<input checked="" type="checkbox"/> Álagning 2
Stærð seríu	10,00			Söluverð 2	<input type="checkbox"/> Uppfæra áætlað söluverð?
Áætlað söluverð 1/ein	0,00				
Áætlað söluverð 2/ein	0,00				
Framlegðarskilmálar				Framleiðsla	
Framlegð-lágmark 1 %	0,00			Dagsetning	29.04.02
Framlegð-lágmark 2 %	0,00			Lotunúmer	ABC123
Framlegð-írmun %	10,00			Fyrirringardagsetning:	
				Seríufjöldi:	5,00
				Magn til framl.	50,00
				Þær af framleitt	50,00

Mynd Fr.2 Uppskrift

Raðnúmer: Hlaupandi númer sem kerfið úthlutar.

Heiti: Nafn afurðar. Verður að skrá.

Almennt

Tegund: Framleiðsla er afurð sem verður að stofna í birgðaskrá. Sniðmát getur verið íhluti sem einungis er til í framleiðslukerfinu sem millivara.

Vörunúmer: Númer afurðar sem jafnframt er vörunúmer í birgðaskrá.

Vöruflokkur: Notið vöruflokka til að aðgreina söluvörur, afurðir, íhluti og hráefni.

Einingar: Stk, kg, metrar o.s.frv.

Stærð seríu: Fjöldi eininga sem framleiddar eru í einu.

Áætlað söluverð 1/ein: Verð, hugmynd eða ósk.

Áætlað söluverð 2/ein: Verð, hugmynd eða ósk.

Framlegðarskilmálar

Framlegð-lágmark 1 %: Ósk um arðsemi.

Framlegð-lágmark 2 %: Ósk um arðsemi.

Framlegð-rýrnun %: Skráið áætlaða rýrnun. Kerfið hækkar kostnaðarverð afurðar um rýrnunina Verðmæti/ein

Þegar búið er að skrá línur og reikna sést hér kostnaðarverð, álagning og söluverð.

Uppfæra verð

Hægt er að segja til um hvað eigi að uppfæra í birgðakerfið við framleiðslu.

Framleiðsla


Dagsetning: Uppfærir framleiðsludagsetningu.

Lotunúmer: Hver framleiðsla getur fengið sitt lotunúmer sem haldið er utan um í birgðakerfinu.

Fyrningardagsetning: Hægt að skrá dagsetningu fyrir þær vörur sem það er nauðsynlegt.

Skrá ið seríufjölda eða magn til framleiðslu. Hér er um að ræða að geyma upplýsingar um hagkvæmasta framleiðslumagn.

Þar af framleitt: Geymir upplýsingar um framleitt magn.



T	Efni/Uppskrift	Magn	Kostnaðarverð	Álagning	Söluverð 1	Álagning	Söluverð 2	Lager	Athugasemd
E	100	8,00	4.800,00	10,00	5.280,00	20,00	5.760,00	LAGER	
U	Undiruppskrift	2,00	6.000,00	15,00	6.900,00	30,00	7.800,00	LAGER	
H	Hráefni	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	LAGER	
U	Uppskrift								
Samtals:			10.800,00	12,78	12.180,00	25,56	13.560,00		

Mynd Fr.3 Vörulínur í uppskrift

Línur

T: Tegund línu í uppskrift getur verið hráefni eða uppskrift. Í birgðakerfinu er sagt til um hvort um efni, vinnu eða tæki sé að ræða.

Efni/Uppskrift: Veljið númer.

Magn: Skráið magn vöru í uppskrift.

Hvenær sem er má fara í Aðgerðir og reikna afurðina. Upplýsingar um álagningaforsendur og söluverð einstakra vörunúmera sést til fróðleiks.

Ef undirvörunúmer er ekki til í birgðaskrá eða í afurðaskrá er hægt að stofna það hér í Viðhaldsskrár og Verðskrá. Einnig má að sjálfsögðu ræsa birgðakerfið sjálfst í öðrum glugga. Styðjið á F9 til að uppfæra (refresh) ef nauðsyn krefur. Athugið að í uppskriftum er kostnaðarverð ávallt notað. Til að sundurgreina efni, vinnu og tæki er sérstakur reitur í birgðakerfinu, Viðhald birgða.

Um tvær leiðir er að ræða þegar verið er að stofna margar svipaðar uppskriftir. Hægt er að afrita afurð, skrá nýja nafnið og breyta síðan vörulínunum. Einnig er hægt að afrita ákveðnar vörulínur úr einni

uppskrift og líma inn í aðra. Dekkið vinstri jaðar vörulína í uppskrift, veljið Ctrl+C (Afrita), opnið nýju uppskriftina, dekkið vinstri jaðar vörulínu og veljið Ctrl+V (Líma).

Framlegð

Hér sjást upplýsingar um kostnaðarútreikning, lágmarksskilyrði og raunframlegð. Kerfið aðvarar ef lágmarksframlegðarskilyrðum er ekki náð.

Nákvæm útskrift fæst með því að fara í Aðgerðir eða í Útskriftir í tækjastiku.thugasemdir

Hér má skrá athugasemdir að vild. Notið Ctrl+C og Ctrl+V ef afrita þarf upplýsinga og líma.


Annað

Síðast reiknuð: Dagsetning útreiknings.

Skráð dags.: Sjálfgefið við nýskráningu.

Breytt dags.: Hvenær uppskrift var síðast breytt.

Breytt af: Upphafsstafir þess sem skráir.



Raunverulegt verðmæti / ein.	Framlegð	Lágmarksskilyrði	Áætlun
Kostnaðarverð	10.800,00	Framlegð 1 %	0,00
Rýrt verð	12.000,00	Söluverð 1	12.000,00
Álagning 1 %	12,78	Framlegð 2 %	0,00
Söluverð 1	12.180,00	Söluverð 2	12.000,00
Álagning 2 %	25,56		0,00
Söluverð 2	13.560,00		

Mynd Fr.4 Aðgerðir

Aðgerðir í tækjastiku

Ný færsla: Stofna afurð.

Vista færslu: Vista.

Fletta: Á tækjaslá er hægt að fletta afurðum.

Leita í glugga: Staðsetjið bendil í þeim reit sem óskað er að leita í og veljið Leit í tækjastiku.

Röðun: Velja röðun stafrófsskráar í glugga.

Skoða svæði: Leit,

Dagatal: Tvísmellið í dagsetningareiti til að kalla fram dagatal.

Prentun: Í öllum útprentunum kemur tækjaslá þar sem kostur gefst á prentun, stilla prentara, vista skjal í Word, Excel eða senda skjalið í tölvupósti.